



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2005
Tilvísun: UST20050300108/sf

Stækkun Hellsheiðarvirkjunar. Tillaga að matsáætlun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 22. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun vegna ofangreindrar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Rammaáætlun

Í tillögu að matsáætlun er fjallað um niðurstöður í 1. áfanga rammaáætlunar og vísað til þess að átta möguleg vinnslusvæði í Hengli hafi öll fallið í umhverfisflokk (a) fyrir virkjanir sem teknar voru til skoðunar í 1. áfanga og taldar eru hafa minnst umhverfisáhrif.

Vegna þeirrar umfjöllunar vill Umhverfisstofnun benda á að við flokkun virkjana eftir vísitölu umhverfisáhrifa féll virkjun í Grændal í flokk c. Jafnframt taldi faghópur I rétt að benda sérstaklega á tiltekin svæði sem fengu mjög háa einkunn í sumum viðföngum en lenda þó ekki í efstu röð. Meðal þeirra var Grændalur sem er það jarðhitasvæði sem fær hæsta áhrifaeinkunn í jarðminjum og vatnafari og í vistgerðum og skorar hátt í öllum viðföngum nema menningarminjum.

Efnistökuastaðir

Fram kemur í tillögu að matsáætlun að gert sé ráð fyrir að fylliefni verði sótt í opnar námur í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

Umhverfisstofnun telur að koma eigi fram í matsskýrslu um hvaða námur sé að ræða.

Landslag

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að afmarkað verði sérstaklega áhrifasvæði vegna sjónrænna þátta og það sýnt á uppdrætti, auk þess sem afmarkað verði áhrifasvæði þar sem búast má við beinum áhrifum af framkvæmdinni. Í því sambandi bendir stofnunin á að áhrifasvæði vegna sjónrænna áhrifa er oft talsvert víðfeðmara en áhrifasvæði vegna beinna áhrifa á landslag eða aðra þætti náttúrufars.

Gróður

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að á vegum Orkuveitu Reykjavíkur hafi áhrif borana og prófana á gróður í nágrenni borstæða verið skoðuð á vinnslusvæðunum á Nesjavöllum og Hellisheiði. Gert sé ráð fyrir að halda því áfram sem hluta af eftirliti með áhrifum framkvæmdanna.

Umhverfisstofnun telur rétt að í matsskýrslu verði greint frá niðurstöðum þeirra athugana sem nú þegar hafa verið gerðar.

Útivist

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að þær gönguleiðir, reiðleiðir og útivistarsvæði sem fjallað verður um í matsskýrslu verði sýnd á sérstöku korti þar sem fram kemur afstaða þeirra til fyrirhugaðra mannvirkja vegna stækkunar Hellisheiðarvirkjunar.

Vatnafar

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að við blástursprófanir er áformað að leiða jarðhitavökva frá borholum í misgengissprungur, svelgholur eða borholur í nágrenni við borteiga. Þar segir einnig:

„Lagt verður mat á áhrif frárennslis frá blásandi borholum í misgengissprungur, svelgholur eða borholur. Stuðst verður við reynslu af sambærilegu fyrirkomulagi við vinnsluholur, sem þegar hafa verið boraðar fyrir Hellisheiðarvirkjun og verður gerð grein fyrir þeirri reynslu í matsskýrslu.“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að við förgun á affallsvatni verði komið í veg fyrir myndun útfellinga. Jafnframt er mikilvægt að styrkur mengunarefna í loka viðtaka verði undir þeim mörkum sem skilgreind hafa verið fyrir neysluvatn og fyrir lífríki, sbr. gildandi reglugerðir, þ.m.t reglugerðir nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Umhverfisstofnun bendir á að afmarka verður vatnsverndarsvæði á uppdrætti, en samkvæmt því sem fram kemur í tillögu að matsáætlun eru vesturhluti virkjunarsvæðis Hellisheiðarvirkjunar og suðausturhluti Stóra-Skarðsmýrarfjalls á fjarsvæði en grannsvæði skilgreint nyrst á fjallinu.

Virðingarfyllt,


Sigurros Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs